

KRAFTUR SANNLEIKANS

Satt er það að mannkyni jarðar vorrar er hin mesta þörf á leiðtoga til þess að komast á braut sannrar framfarar, en ekki síður hitt, að Indverjinn Krishnamurti er ekki sá leiðtogi, þó að hinn gamli kvenskörungur dr. Annie Besant haldi því fram af miklum dugnaði, og samherji hennar C. W. Leadbeater biskup, spekingur og rithöfundur, meiri en dr. Besant, þó hann sé ekki líkt því eins frægur. Ef menn lesa ritgerðir Krishnamurta nógu vel, þá munu þeir ganga úr skugga um það, að hann skortir bæði vit, þekkingu og þroska til að geta verið nokkur mannkynsleiðtogi. — En hinsvegar er alveg óhætt að dást að honum sem vel uppöldum ungum manni og frábærum miðli og hinum magnaðasta. Efast ég ekki um, að séra Jakob Kristinsson segir þar alveg rétt frá. Og orsök magnanarinnar er í augum uppi hverjum þeim, sem hefir nokkra þekkingu á sumum undirstöðulögmálum lífsins. En magnanina er að rekja til hins örugga fylgis sem þessum ágæta miðli hefir veitt verið, og einhuga aðdáunar þúsunda. Corpus determinantium eða stillihóp, mætti kalla slíkt fólk, og er nauðsynlegt til sambands við hinar magnandi lífstöðvar. Og þá er lífinu hér komið í rétt horf, þegar allt mannkyn er hverjum einum réttur stillihópur. Mætti nefna þess mörg dæmi, og fróðleg, hverja þýðingu góður stillihópur hefir fyrir velfarnan manna. Er þess getið um Hindenburg, forseta Þýskalands og frægastan allra hershöfðingja, að hann vaki aðeins þegar hann vill, og geti fengið allan þann svefn sem hann þarf, með því að setjast niður. Sama hefir verið sagt um Napóleon mikla. En af leiðtogum mannkynsins á betri brautir, sem einangraðir voru andlega, og vinfáir eða vinalausir,

a. m. k. framan af, er aðrar sögur að segja, og má þar nefna hinn ágætasta heimspeking, Herbert Spencer, sem svefnleysið var æviböl frá 35 ára aldri, og J. J. Rousseau, að vísu ekki jafningja Spencers, en þó merkilegan brautryðjanda. Og á það má reiða sig, að á slíkri lífstöð, sem jörð vor er, hlotnast engum fylgi slíkt á ungum aldri sem Krishnamurti, ef hann hefir höfuðsannindi fram að flytja. — Lygin og villan og hégóminn er það sem best gengur að fá menn til að tigna, eða þá að minnsta kosti það sem ekki er sannleikur. Því að fjarri er það mér að vilja bendla Krishnamurti og hina göfugu guðspekiöldunga, við lygi og blekkingar, eins og gert hafa sumir, sem ekkert vit hafa á þessum efnum. En óska vildi ég þess, að sú tegund hjátrúar sem hér er um að ræða, eða trúin á Krishnamurti, næði ekki tókum hér á Íslandi eða annarstaðar á Norðurlöndum. Er nú tími til þess kominn, að Norðurlandapjóðir nái fram til andlegs sjálfstæðis og læri að þekkja sitt ætlunarverk í mannkynssögunni. Hafa Norðurmenn hlítt svo lengi annarra leiðsögn, þar sem þeir sjálfir áttu að hafa forustu, að hinn mesti háski er búinn norrænni framtíð og þar með framtíð alls mannkyns. Hefir við legið að slitnaði til fulls sambandið við ýmislegt það í norrænni fortíð, sem enganveginn mátti tapast, en þó væri glatað og gleymt, ef ekki hefðu verið þeir menn sem fóru að byggja Ísland. En saga Íslendinga sýnir alveg nægilega, að þjóðinni mundi miklu betur hafa vegnað, ef meira hefði verið hér andlegt sjálfstæði, og meiri varasemi gagnvart ýmsum útlendum boðskap.

6. nóv. '27.